

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur þriðjudaginn 9. febrúar 2021

Mál nr. S-6644/2020:

Ákærvaldið

(*Anna Barbara Andradóttir settur saksóknari*)

gegn

Dumitru-Aurel Ivan

(*Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður*)

Dómur

I.

Ákæra og dómkröfur:

Mál þetta, sem dómtekið var 27. janúar 2021, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 8. október 2020, á hendur Dumitru-Aurel Ivan, kennitala [...], [...], [...], „fyrir kynferðisbrot, með því að hafa fimmtudaginn 9. maí 2019 í og við ökutæki er lagt var fyrir utan tónlistarskóla [...] við M í Reykjavík, áreitt ökumann bifreiðarinnar A, kennitala [...], kynferðislega með því að teygja sig inn um glugga bifreiðarinnar og strjúka utanklæða upphandlegg hennar, öxl og læri og fara svo inn í bifreiðina og strjúka utanklæða hendur hennar, bak, læri og mjaðmir, taka utan um hana og kyssa háls hennar og hendur.

Telst þetta varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 1. febrúar 2019, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru. Brotþoli gerir sömu kröfu um miskabætur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, og greinir í ákæru, að því frátöldu að krafist er vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 16. gr. laga nr. 50/1993, frá 9. maí 2019. Þá er gerð krafa um að skipuðum réttargæslumanni verði dæmd þóknun úr ríkissjóði vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, samkvæmt mati dómsins, að teknu tilliti til tímaskýrslu. Ákærði neitar sök og krefst aðallega sýknu af öllum kröfu ákærvaldsins, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Ákærði krefst þess í öllum tilfellum að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi, en að því gengnu krefst hann verulegrar lækkunar á bóta-kröfu. Þá krefst ákærði þess að skipuðum verjanda hans verði tildæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði samkvæmt tímaskýrslu vegna vinnu fyrir dómi.

Ákærði reisir vörn sína varðandi aðalkröfu á því að meint brot sé ósannað, saknæmis-skilyrði samkvæmt 18. gr. almennra hegningarlaga séu ekki uppfyllt og þá leiki vafi á því að háttsemi, sem greinir í ákæru, falli hlutrænt séð undir 199. gr. almennra hegningarlaga. Um varakröfu vísar ákærði meðal annars til þess að dráttur hafi orðið á meðferð málsins, sakaferill hans sé óverulegur og líta beri til persónulegra aðstæðna hans. Ákærvaldið byggir á gagnstæðum sjónarmiðum varðandi framangreint og hafnar í meginatriðum málatilbúnaði ákærða eða telur hann ekki eiga nægjanlega rétt á sér. Miskabótakrafa er sett fram á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 172. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

II.

Málavextir:

A, hér eftir nefnd brotþoli, leitaði á lögreglustöðina við Hverfisgötu síðdegis 9. maí 2019 í fylgd með frænku sinni, B, til þess að tilkynna um meint kynferðisbrot gagnvart sér sama dag.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu kvaðst brotþoli, þegar klukkan var rúmlega þrjú fyrr um daginn, hafa verið að koma úr tíma í tónlistarskóla við M í Reykjavík og hún verið sest inn í bifreið sína sem lagt var á bifreiðastæði fyrir utan. Nokkru síðar, á meðan hún hefði setið í bifreiðinni, hefði ókunnugur maður komið að bifreiðinni, fyrst að dyrum ökumanns, en svo farið óboðinn inn í bifreiðina og sest í farþegasætið. Maðurinn hefði áreitt hana kynferðislega með því að strjúka henni utanklæða á nánar tilgreindum stöðum á líkamanum. Um leið hefði hann talað við hana á kynferðislegan hátt, auk þess sem hann hefði hindrað hana í því að komast út úr bifreiðinni með því að halda í hana. Brotþoli hefði mótmælt því sem fram fór og verið mjög hrædd en ekki komist frá manninum. Þau hefðu verið í bifreiðinni í um það bil klukkustund og maðurinn meðal annars greint frá

aldri sínum og hvað hann væri búinn að vera lengi hér á landi. Að lokum hefði brotþoli komist út úr bifreiðinni og leitað inn í skólahúsnæðið en maðurinn hefði elt hana inn. Brotþoli hefði leitað skjóls hjá starfsfólki í afgreiðslu skólans en maðurinn farið að ræða við starfsfólk. Maðurinn hefði síðan farið áður en henni gafst tækifæri til að segja starfsfólki frá hvað hefði gerst. Brotþoli hefði verið mjög óttaslegin um hvað biði hennar í framtíðinni en umræddur maður hefði talað um að koma aftur og sagst ætla að bíða eftir henni á hverjum degi. Brotþoli hefði gefið greinargóða lýsingu á útliti mannsins, þar með talið nánar tilgreindu húðflúri á manningum, áverkum í andliti og fatnaði.

Þegar í upphafi rannsóknar beindist grunur lögreglu að ákærða þar sem lýsing brotþola á útliti meints geranda var talið geta átt við ákærða vegna afskipta lögreglu af honum tveimur mánuðum áður. Þá var til ljósmynd af ákærða í myndasafni lögreglu. Brotþoli gaf framburðarskýrslu hjá lögreglu daginn eftir, þ.e. 10. maí 2019, þar sem hún greindi nánar frá meintum atvikum eins og þau horfðu við henni, auk þess sem hún bar kennsl á ákærða af fyrrgreindri ljósmynd sem henni var sýnd við skýrslutökuna. Ákærði var handtekinn aðfaranótt 12. sama mánaðar í þágu rannsóknar málsins og gaf hann framburðarskýrslu með réttarstöðu sakbornings síðar sama dag. Við skýrslutökuna kannaðist ákærði í fyrstu ekki við sakarefnið eða að hafa verið í samskiptum við brotþola. Þegar leið á skýrslutökuna og farið var betur yfir atvik máls með honum og honum kynnt að lögregla gæti nálgast upptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi fyrrgreinds skóla kvaðst ákærði kannast við að hafa verið í samskiptum við brotþola í umrætt skipti. Greindi hann þá nánar frá atvikum eins og þau horfðu við honum.

Meðal gagna málsins er upptaka úr eftirlitsmyndavélakerfi umrædds tónlistarskóla klukkan 15:34 og áfram sem sýnir samskipti ákærða og brotþola fyrir utan húsið. Þar má sjá þau ræða saman í nokkrar mínútur og svo faðmast. Á hluta upptökunnar má meðal annars sjá hvernig ákærði snertir brotþola á nánar tilgreindan hátt á aftanverðan líkama hennar og hvernig hún virðist kippast við og vera því mótfallin og ýta eða bægja ákærða frá sér. Þá sést á upptökunni þar sem þau ræða saman í nokkrar mínútur til viðbótar en fara svo bæði inn í skólann.

Við frekari rannsókn málsins, í ágúst 2019, var tekin skýrsla af fyrrgreindri B, auk þess sem teknar voru skýrslur af þremur starfsmönnum skólans, þeim C, D E, öllum með réttarstöðu vitnis. Greindu vitnin nánar frá atvikum eins og þau horfðu við þeim, þar með talið samskiptum við brotþola og/eða hvernig hún kom þeim fyrir sjónir og/eða hvað hún hefði sagt um það sem hefði gerst. Þá lýstu fyrrgreindir starfsmenn einnig atvikum út frá því hvað þeir hefðu séð til ákærða í umrætt skipti í og við skólann og öðru í þeim dúr.

Fyrirgreint vitni, E, lést [...] 2020. Í hljóðritaðri skýrslu hennar hjá lögreglu bar hún meðal annars um að brotþoli hefði verið ráðvillt þegar hún leitaði inn í skólann og E hefði strax orðið þess áskynja að eitthvað væri að hjá henni án þess að hún gerði sér strax grein fyrir því hvað það væri. Þá hefði brotþoli haft á orði að sér fyndist hún vera eitthvað svo skítug og hún hefði viljað fara að þvo sér. E hefði leyft henni að nota salernið í því skyni. Umræddur maður, sem fylgt hefði brotþola inn í skólann, hefði verið inni á skrifstofunni í nokkra stund en síðan farið. Í framhaldi hefði brotþoli greint frá því hvað hefði gerst. Í því sambandi hefði komið fram að hún hefði verið hrædd við manninn og að hann hefði snert hana með hendinni þar sem hún sat inni í bifreið, fyrst innan um glugga þar sem hann stóð fyrir utan, en síðan hefði maðurinn komið óvelkominn inn í bifreiðina og snert brotþola þar inni. Að auki greindi E frá því að brotþoli hefði komið daginn eftir á skrifstofu skólans og greint nánar frá því hvað hefði gerst og þakkað starfsfólkinu fyrir aðstoðina.

III.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Í framburði ákærða kom meðal annars fram að hann hefði séð brotþola sitja ökumannsmegin í bifreið að hlusta á tónlist með hurðina á bifreiðinni opna. Veðrið hefði verið gott. Þau hefðu hvorki þekkt eða hist áður. Hann hefði að fyrra bragði vinkað henni og hún brosað til hans og vinkað á móti. Hann hefði síðan gefið sig á tal við hana og beðið hana um sígarettu. Þau hefðu rætt saman á ensku. Samtal þeirra hefði leitt til þess að hún hefði boðið honum inn í bifreiðina. Ákærði kvaðst aðspurður ekki kannast við það sem greindi í verknaðarlýsingu ákæru um meintar stökur á líkama brotþola inn um glugga bifreiðarinnar, á meðan hann stóð fyrir utan bifreiðina. Hann hefði hins vegar heilsað henni í upphafi með handabandi. Þá kvaðst ákærði ekki hafa vitað að nærliggjandi hús við bifreiðastæðið væri skóli.

Inni í bifreiðinni hefðu þau reykt og talað saman og hlustað á tónlist. Þau hefðu með þessu verið að kynnast hvort öðru, samtalið hefði verið af persónulegum toga og meðal annars hefði komið fram að þau væru bæði einhleyp. Brotþoli hefði talað um að faðir hennar væri að vinna í nálægu húsi. Ákærða hefði fundist hún vera falleg og hann verið hrifinn af henni og honum fundist að það væri gagnkvæmt af hennar hálfu, eða sá blær hefði verið á samskiptunum. Þau hefðu ætlað að hittast seinna og hún ætlað að láta hann hafa símanúmerið sitt. Um hefði verið að ræða eðlileg samskipti eins og væri hjá fólki sem væri að hittast og ræða saman. Á meðan þessu fór fram hefði hann snert hana með

hendinni á utanverðu hægra læri. Það hefði verið gert á góðlátlegan en ekki kynferðislegan hátt. Að auki hefðu þau snúið sér hvort að öðru og faðmast á báða bóga. Í faðmlaginu hefði hann tekið utan um axlirnar á henni og snert hana með höndunum ofarlega á baki og hún gert það sama við hann. Aðspurður kvaðst hann ekki kannast við verknáðarlýsingu ákæru um meintar strokur eða kossa inni í bifreiðinni. Hann hefði aðeins snert á henni lærið og þau faðmast, eins og áður greinir.

Eftir að hafa verið um tíu mínútur inni í bifreiðinni hefði brotapolí talað um að fara inn í húsið og hann haft á orði að hann væri líka á förum. Þau hefðu klárað að reykja, farið saman úr bifreiðinni, staðið fyrir utan húsið og haldið samtalinu áfram. Hann kvaðst hins vegar aðspurður ekki muna nánar um hvað þau ræddu. Þá hefðu þau einnig faðmast fyrir utan húsið. Fram hefði komið hjá henni að faðir hennar og annað fólk væri þar inni og að hún ætlaði að fara inn til að sækja pappír til að skrifa á símanúmerið sitt og láta hann hafa. Ákærði hefði farið inn í húsið í sama tilgangi. Þar inni hefði faðir brotapolá komið og þeir rætt saman ásamt fleirum og ákærði hefði verið spurður hvað hann væri að gera í húsinu. Þá hefði brotapolí annaðhvort ekki náð að koma til baka með símanúmerið eða að hún hefði rétt honum miða en verið feimin því að faðir hennar var á staðnum. Ákærði hefði hins vegar týnt þeim miða síðar.

Ákærði kvaðst aðspurður ekki kannast við að brotapolá hefði verið illa við að vera í samskiptum við hann eða að hún hefði viljað að hann léti hana í friði. Hún hefði verið glöð og spennt fyrir honum allan tímann. Ákærði kvaðst aðspurður ekki geta skýrt hvers vegna brotapolí væri að bera á hann sakir um kynferðislega áreitni en taldi það mögulega geta skýrst af því að maðurinn inni í húsinu, þ.e. ætlaður faðir brotapolá, hefði mistúlkað hvað hefði verið í gangi á milli þeirra. Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu, að hann hefði ekki kannast við sakarefnið við fyrri hluta skýrslutökunnar en síðar breytt því, kvaðst ákærði hafa ruglast á brotapolá og annarri stúlku sem hann hefði verið í samskiptum við á svipuðum tíma og ekki kannast við bifreið í tengslum við það. Hann hefði því í fyrstu ekki kannast við málið við skýrslutöku hjá lögreglu. Það hefði hins vegar skýrst þegar á leið og honum var sýnd myndupptaka við skýrslutökuna eða honum verið kynnt að slík upptaka væri til.

2.

Brotapolí bar meðal annars um að hafa verið í kennslutíma sem lauk klukkan þrjú síðdegis. Hún hefði setið í bifreið sinni á bifreiðastæði við skólann og verið að svara skilaboðum í símanum sínum. Þá hefði hún verið búin að mæla sér mót við frænku sína umræddan dag. Veðrið hefði verið gott og hún verið með gluggann á öikumannshurðinni opin að hluta. Allt í einu hefði ókunnugur maður, ákærði í máli þessu, verið kominn að

henni fyrir utan gluggann og farið að spyrjast til vegar og beðið hana um peninga. Hún hefði ekki getað orðið honum að liði með það. Ákærði hefði allt í einu teygt höndina inn um gluggann og farið að strjúka á henni upphandlegginn en síðan hallað sér lengra inn í bifreiðina og farið með höndina á innanvert lærið ofarlega og aðallega verið að snerta það. Henni hefði brugðið við þetta og haldið höndunum þétt upp við sig. Ákærði hefði haldið áfram að tala við hana, spurt hana til vegar og hvort hún ætti kærasta og fleira í þeim dúr. Hún hefði sagt honum að hún væri á hraðferð og viljað enda samtalið. Þá hefði hún bent honum á að ef til vill gæti einhver á skrifstofu skólans liðsinnt honum. Aðspurð fyrir dómi kvaðst brotaþoli aldrei hafa reykt á ævinni.

Brotþoli hefði byrjað að skrúfa upp rúðuna og ætlað að keyra á brott þegar ákærði hefði allt í einu verið kominn óboðinn inn í bifreiðina, farþegamegin frammi í. Henni hefði brugðið mjög og spurt hann hvað hann væri að gera. Ákærði hefði haldið samtalinu áfram, sagt henni að hann væri kominn til að veita henni félagsskap og neitað að yfirgefa bifreiðina þrátt fyrir að hún bæði hann margoft um að fara. Brotþoli kvaðst hafa haldið á símanum sínum en hann tekið um hendurnar á henni, fyrst með báðum höndum þannig að síminn lá eftir í kjöltunni á henni. Hún hefði hallað sér frá honum að hurðinni en hann þá farið að strjúka henni um hendurnar, spyrja hana um fjölskyldu hennar og hvort hún væri oft í skólanum. Hann hefði síðan tekið aðra höndina en haldið með hinni og farið að strjúka á henni axlirnar og bakið. Þá hafi hann tekið um taglið í hárinu á henni og farið að þefa af því og nudda því upp við andlitið á sér. Hún hefði ýtt höndunum af sér en hann hefði starað á klofið á henni og haldið áfram að tala við hana. Þá hefði hann strokið henni með hendinni á innanverðu lærinu en hún setið með hendurnar fyrir klofinu, klemmt sig og herpt sig saman. Með því hefði hún viljað varna því að hann stryki á henni klofið og brjóstin.

Ákærði hefði verið með nánar tilgreint kynferðislegt tal við sig inni í bifreiðinni en hún beðið hann að fara og sagt við hann að hún hefði ekki áhuga á því sem hann væri að leita eftir. Hún hefði fundið að hann væri farinn að vera ágengari við að snerta hana og hún reynt að skipta um umræðuefni. Með þessu hefði hún ætlað að halda honum góðum. Á sama tíma hefði hún verið að skima eftir hvort hún sæi til vegfaranda fyrir utan sem ætti leið hjá og gæti hjálpað henni. Ákærði hefði á einhverjum tímapunkti á meðan þessu fór fram gert sig líklegan til að kveðja hana og hallað sér að henni, eins og hann ætlaði að faðma hana og kyssa, en þá farið að sleikja á henni hálsinn og snerta á henni axlirnar og bringuna. Nánar aðspurð um þessi atvik inni í bifreiðinni bar brotaþoli um að ákærði hefði einnig fíktað við hendurnar á henni, kysst hana nokkrum sinnum á hendurnar og síðan farið að taka í hárið á henni. Þá hefði hann einnig komið við axlirnar, hluta af bringunni, bakið og aðra mjöðmina. Allar snertingar hefðu verið utan klæða.

Henni hefði fundist hún vera að renna út á tíma í þeirri merkingu að hún gæti ekki lengur haldið honum frá sér með þeim aðferðum sem hún hefði áður reynt. Hún hefði skolfið öll og hugsað með sér að hann hlyti að verða þess áskynja og að þar með myndi hann gera sér grein fyrir því hvað hún væri í raun og veru hrædd. Hún hefði fram að því verið að reyna að sýnast vera yfirveguð og ákveðin gagnvart ákærða. Þá hefði hún jafnframt á þessum tíma áttað sig á því að enginn myndi koma og hjálpa henni. Hún hefði horft á klukkuna í bifreiðinni og skyndilega gert sér grein fyrir því að skrifstofa skólans væri ennþá opin. Hún hefði því allt í einu sagt við ákærða að hann gæti farið inn á skrifstofuna og leitað sér upplýsinga þar. Við þetta hefði ákærði stoppað og hún á sama tíma náð að losna frá honum, taka til sín kveikjuláslykilinn og komast úr bifreiðinni. Ákærði hefði um leið farið út hinum megin en hún náð að læsa bifreiðinni á eftir sér svo hann kæmist ekki aftur inn.

Þegar út var komið hefði ákærði spurt brotapolu hvert hún væri að fara og af hverju og hann viljað fá hana aftur inn í bifreiðina. Hún hefði aftur bent honum á að það væri fólk inni í skólanum sem gæti hjálpað honum. Ákærði hefði haldið áfram með fyrra tal af kynferðislegum toga en hún svarað honum með tilteknum hætti. Með því hefði hún reynt að koma honum í skilning um að hún hefði ekki áhuga á því sem hann væri að leita eftir. Ákærði hefði þegar þarna var komið gert sig líklegan til að kveðja og þakka fyrir sig og hún talið að hann væri að fara. Hann hefði nálgast hana með faðmlagi og hún gert hið sama á móti. Í faðmlaginu hefði hún fundið fyrir snertingu frá ákærða aftan við sig með hendinni niður að rassinum og hún þá ýtt honum frá sér.

Brotapoli hefði farið inn í skólann og ákærði fylgt á eftir. Hún hefði viljað að ákærði sæi að þar væri fólk inni og að hún væri ekki ein og það fólk myndi gefa sig á tal við hann svo hún gæti farið. Þegar inn var komið hefði brotapoli sagt við starfsfólk í afgreiðslunni að ákærða vantaði leiðbeiningar og hvort einhver gæti hjálpað honum. Tveir starfsmenn hefðu gefið sig á tal við ákærða, en hún á sama tíma farið til þess þriðja, ljóshærðrar konu sem var nálæg, og sest hjá henni. Hún hefði beðið viðkomandi starfsmann að sýna engin viðbrögð og sagt henni stuttlega frá því hvað hefði gerst. Hún hefði fundið fyrir þörf til að þvo sér og fengið leyfi starfsmannsins til þess að sinna því á nálægu salerni en jafnframt beðið um að vera látin vita þegar ákærði væri farinn. Hún hefði verið öll klístruð eftir ákærða og farið að þvo sér í vaskinum. Þá hefði hún hringt í frænku sína á meðan hún var inni á salerninu. Hún hefði ætlað að bíða áfram þar inni uns ákærði væri farinn en einhver hefði látið hana vita á meðan hún var þar inni að ákærði ætlaði ekki að fara fyrr en hann væri búinn að kveðja hana. Hún hefði því farið fram, ákærði sagt eitthvað við hana og hann síðan á endanum farið. Hún hefði eftir þetta fengið að bíða áfram hjá

starfsfólkinu eftir því að ákærði væri örugglega farinn áður en hún færi aftur út. Einn af starfsmönnum hefði síðan fylgt henni að bifreiðinni og hún læst að sér og hraðað sér á brott. Aðspurð kvaðst hún aldrei hafa látið ákærða fá upplýsingar um símanúmerið eða heimilisfangið sitt og það hefði aldrei komið til greina af hennar hálfu. Aðspurð kvaðst hún telja að atvik inni í bifreiðinni hefðu varað í um klukkustund en hún gæti í raun ekki verið viss um það og tímaskyn hennar væri almennt lélegt.

Brotapoli kvaðst hafa tekið meint atvik mjög nærri sér. Hún hefði upplifað mikla hræðslu á meðan þau áttu sér stað. Þá hefði ákærði meðal annars í samskiptum sínum við hana haft á orði að hann ætlaði að koma aftur á staðinn til að hitta hana. Hún hefði því haft miklar áhyggjur af því hvað biði hennar. Námið og æfingar í skólanum hefðu stundum verið fram á kvöld þegar fáir voru á ferli. Þetta hefði valdið henni miklum kvíða og hún brotnað niður andlega. Þetta hefði haft truflandi áhrif á námið og orðið þess valdandi að tiltekin röskun varð á því. Þá hefði hún búið ein á þessum tíma og haft áhyggjur af því að ákærði kæmist að því hvar hún ætti heima ef hún leitaði til lögreglu.

3.

Vitnið C bar meðal annars um að hafa rætt við ákærða við skrifstofu skólans en hann hefði spurst til vegar. Vitnið hefði leitast við að leiðbeina ákærða á ensku og greiða götu hans og í því sambandi afhent honum upplýsingar á pappír. Þegar leið á samtalið hefði honum virst eins og erindi ákærða væri yfirvarp og vitnið því viljað tryggja að hann væri ekki eftirlitslaus í húsnæðinu. Á sama tíma hefði brotapoli setið hjá E í horni skrifstofunnar, snúið baki í ákærða, húkt og hallað sér fram að E og talað við hana. Samskiptin við ákærða hefðu tekið nokkra stund en hann hefði síðan farið. Vitninu hefði verið ljóst, eftir að ákærði var farinn, að eitthvað meira væri í gangi og hann fengið betri mynd á ætluð atvik. Athygli hans hefði verið vakin á því að brotapoli væri alveg í losti og hann séð það á henni að hún var í uppnámi. Fát hefði verið á henni. Hann hefði fylgt brotapolu út á bifreiðastæði og reynt að veita henni stuðning og kvaðst vitnið telja að í samskiptum þeirra hefði brotapoli greint frá því að ákærði hefði komið inn í bifreiðina til hennar.

4.

Vitnið D bar meðal annars um að hafa séð ákærða fyrir utan skólann á hjóli. Hann hefði komið henni fyrir sjónir eins og hann væri villtur eða vantaði leiðsögn en hún hefði ekki gefið því frekari gaum. Stuttu síðar hefði ákærði komið inn í skólann, auk brotapola. Vitnið kvaðst hafa kannast við brotapola, sem nemanda, og hún verið *eitthvað sérstök í líkamstjáningu*, en vitnið hefði eftir á sett það í samhengi við að henni liði eitthvað óþægilega. Ákærði hefði farið að spyrjast til vegar á bjagaðri ensku og vitnið og C reynt

að liðsinna honum. Ákærði hefði verið margsaga um hvað hann vantaði og erfitt hefði verið að skilja hann. Á meðan þessu fór fram hefði samstarfskona þeirra, E, boðið brotapolu að koma til sín og setjast hjá sér. Brotapoli hefði sest hjá E á bak við skilrúm. Ákærði hefði nokkru eftir þetta farið út og þá hefði hún og aðrir gert sér grein fyrir að eitthvað hefði gerst fyrir utan skólann og að brotapoli hefði verið *svona logandi hrædd*. Brotapoli hefði í tengslum við þessi atvik inni í skólanum talað um að vera klístruð og farið inn á salerni til að þvo sér en ekki verið mjög lengi þar inni. Vitnið hefði rætt við brotapolu á meðan hún var hjá þeim og fengið lýsingu á því sem hefði gerst. Brotapoli hefði meðal annars greint frá því að ákærði hefði gefið sig að brotapolu þar sem hún sat í bifreiðinni fyrir utan með opinn gluggann. Hún hefði ekki viljað tala við ákærða og ætlað að bakka frá en hann þá farið inn í bifreiðina þar sem hún sat með símann í hendinni og hann gripið um höndina á henni. Vitnið kvaðst hins vegar ekki muna allt sem hefði komið fram í samtalinu.

5.

Vitnið B bar meðal annars um að brotapoli hefði hringt í sig umræddan dag en þær hefðu áður verið búnar að mæla sér mót þennan sama dag. Í samtalinu hefði brotapoli virst vera lítil í sér og þar hefði komið fram að einhver hefði komið inn í bifreiðina hjá henni. Í símtalinu hefðu þær sammælt um að brotapoli kæmi til hennar. Þær hefðu í framhaldi hist og brotapoli verið í uppnámi og titrað öll þar sem hún sat hjá henni. Brotapoli hefði greint frá því hvað hefði gerst en vitnið kvaðst ekki geta borið um þá frásögn í smáatriðum vegna þess tíma sem væri liðinn. Í samtalinu hefði komið fram að maður hefði komið inn í bifreiðina, káfað á henni og ekki leyft henni að yfirgefa bifreiðina. Einnig að brotapoli hefði komist út úr bifreiðinni og leitað aðstoðar í móttöku skólans. Vitnið kvaðst hafa lagt það til að þær færu saman á lögreglustöð og brotapoli samþykkt það.

6.

Vitni, lögregluvarðstjóri nr. F, staðfesti frumskýrslu sem hann ritaði vegna málsins og gerði nánar grein fyrir atvikum eins og þar greinir. Vitnið kvaðst hafa rætt við brotapolu á lögreglustöð og skráð fyrstu frásögn hennar af atvikum. Fram hefði komið hjá brotapolu að meint atvik hefðu nýlega átt sér stað. Brotapola hefði greinilega verið brugðið en verið skýr og staðföst í frásögn af atvikum. Þá hefði hún gefið greinargóða lýsingu á meintum geranda, þar með talið húðflúri hans á nánar tilgreindum stað. Aðrir vakthafandi lögreglumenn hefðu kannast við útlitslýsinguna og talið hana geta átt við um ákærða, auk þess sem ljósmynd hefði verið til af honum í myndasafni lögreglu. Eftir að hafa rætt við brotapolu hefði vitnið farið sama dag að umræddum skóla, skoðað aðstæður og athugað með myndupptökur. Ekki hefði reynst unnt að afla upptaka í það skipti þar sem enginn á staðnum hefði haft aðgang að þeim.

IV.

Niðurstöður:

Ákærða er gefin að sök kynferðisleg áreitni, eins og greinir í ákæru. Hann neitar sök. Ágreiningslaust er að ákærði og brotþoli hittust á umræddum stað og tíma. Mikið ber hins vegar á milli í framburði þeirra um hvað gerðist í samskiptum þeirra, hvernig þau bar að og hvað ákærða gekk til. Stendur þar að mestu orð gegn orði.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði véfengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

Ákærði kannast við að hafa snert brotþola með hendinni á utanverðu hægra læri í bifreiðinni án þess að það hafi verið meint kynferðislega. Einnig kannast hann við að hafa faðmað brotþola í bifreiðinni en það hafi verið gagnkvæmt af hennar hálfu. Þá kannast ákærði ekki við kynferðislegt tal við brotþola en hann kannast hins vegar við að hafa rætt við hana í bifreiðinni. Af framburði ákærða verður ráðið að hann telji að um hafi verið að ræða eðlileg samskipti kynjanna, þ.e. tvær manneskjur sem voru að hittast og kynnast í fyrsta sinn. Kært hafi verið á milli þeirra og/eða þau hafi sýnt hvort öðru áhuga og sammæli verið um að þau ætluðu að vera í frekari samskiptum síðar. Þá hafi samskiptin við og í bifreiðinni, sem hann telur að hafi varað í heild sinni um tíu mínútur, verið gagnkvæm og með fullu samþykki á báða bóga.

Af skýrslu ákærða hjá lögreglu má ráða að við skýrslutökuna hafi ákærði viljað halda eftir upplýsingum, eða þóst ekki kannast við sakarefnið, fram að því að honum var kynnt að lögregla hefði undir höndum myndupptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi skólans, eða gæti kallað eftir þeim. Að mati dómsins verður hins vegar að gæta varúðar við að draga sérstakar ályktanir af þessu þar sem þetta getur skýrst af tungumálaerfiðleikum eða hnökrum við túlkun. Að auki ber skýrslan með sér að kynning lögreglu á sakarefninu hafi verið fremur ófullkomin. Þá var ákærði ekki spurður að því við skýrslutökuna hverju það sætti að atvik sem spurt var um virtust skyndilega verða honum skýrari þegar bent var á tilvist upptakanna. Að þessu virtu verður ekki fallist á með ákæruvaldinu að við úrlausn málsins séu efni til að draga sérstakar ályktanir af þessu misræmi eða breyttri

afstöðu ákærða eins og hún birtist í lögregluskýrslunni. Þessu til viðbótar ber að líta til þess að framburðarskýrsla ákærða hjá lögreglu var fremur takmörkuð eins og skýrslutökunni var háttað hjá lögreglu. Þar var ekki spurt mjög nákvæmlega út í atvik eða samskipti í bifreiðinni og þá var heldur ekki spurt út í atvik fyrir utan skólann, eftir að ákærði var farinn úr bifreiðinni. Hið sama á við um atvik og samskipti við fólk inni í skólanum uns ákærði fór af staðnum. Þá verður og ráðið af lögregluskýrslunni að nokkrir hnökrar hafi verið á túlkun. Að öllu þessu virtu er framburður ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi heilt á litið með svipuðu sniði, að því marki sem unnt er að bera þessar skýrslur saman. Verður því að leggja til grundvallar að framburður hans hafi í meginatriðum verið stöðugur, eins og hann birtist fyrir dómi.

Fyrir liggur að ákærði er um sex árum eldri en brotþoli. Hann er með óveruleg tengsl við landið en hann mun hafa verið hér á landi í nokkra mánuði þar til hann hitti brotþola í umrætt sinn. Hann mun hafa komið til landsins frá Hollandi og ætlað að halda ferðalaginu áfram til Kanada en ílengst í dvölinni hér á landi. Hann talar rúmensku og bjagaða ensku. Undir rekstri málsins fyrir dómi var upplýst að ákærði sætir nú ákvörðun stjórnvalda um brottvísun frá landinu þar sem hann er ekki talinn uppfylla skilyrði útlendingalaga um tryggja framfærslu. Fyrir liggur að ákærði og brotþoli höfðu aldrei hist áður og engin önnur samskipti verið á milli þeirra þegar atvik áttu sér stað. Samskipti þeirra fóru fram á ensku. Af framburði ákærða verður ráðið að hann hafi átt leið fram hjá skólanum á reiðhjóli þegar hann varð var við brotþola. Brotþoli, sem er tónlistarnemi, var að koma úr tíma í skólanum og var hún á leiðinni í heimsókn til frænku sinnar síðar sama dag. Ekkert hefur komið fram í málinu um að ákærði og brotþoli eigi sér svipaðan bakgrunn, sameiginleg áhugamál, lífsviðhorf eða annað af svipuðum toga sem jafnan dregur fólk hvort að öðru eða þegar stofnað er til frekari eða nánari kynna. Þá getur framburður ákærða um meinta tóbaksneyslu brotþola ekki samrýmst framburði hennar þar sem hún kvaðst aldrei á ævinni hafa reykt sígarettur. Var hún mjög afgerandi í svörum með það. Fyrir dómi kvaðst ákærði ýmist hafa fengið miða með símanúmeri brotþola, en síðar glatað því, eða ekki verið búinn að fá símanúmerið. Að mati dómsins er fjarstæðukennt, eða mjög úr takti við það sem almennt á við um samskipti fólks, að ætla að brotþoli, rétt að koma úr tíma í skólanum og á leið til frænku sinnar, hafi eftir tíu mínútna samskipti við ákærða, bláókunnugan manninn, í raun sýnt honum áhuga eða viljað kynnast honum betur og ætlað að láta hann fá símanúmerið sitt eða aðrar álíka upplýsingar. Að öllu framangreindu virtu er framburður ákærða fyrir dómi um samskipti sín við brotþola í heild sinni bæði órökréttur og ósennilegur á allan almennan mælikvarða. Það er því mat dómsins að ákærði hafi verið ótrúverðugur í framburði sínum fyrir dómi og verður byggt á því við úrlausn málsins.

Brotapoli hefur gefið skýran og greinargóðan framburð fyrir dómi um öll atvik málsins. Brotapoli lýsti því í öllum meginatriðum nákvæmlega hvernig atvik byrjuðu og þau síðan þróuðust inni í bifreiðinni uns henni varð kleift að komast þaðan út. Þá greindi hún með sama hætti frá samskiptum sínum við ákærða fyrir utan bifreiðina, auk annarra samskipta og atvika sem áttu sér stað eftir á inni í skólanum. Framburður hennar er í öllum meginatriðum svipaður og hún bar um hjá lögreglu og að teknu tilliti til þess tíma sem liðinn er frá því að atvik áttu sér stað. Þá ber að líta til þess að hún leitaði tafarlaust til lögreglu. Framburður hennar hefur því verið stöðugur. Framburður brotapola var einnig einlægur og bar þess engin merki að hún væri að geta í eyðurnar eða færi með ýkjur, ósannindi eða að hún bæri nokkurn sérstakan kala til ákærða, né heldur að hún hefði mistúlkað samskiptin við hann. Þá bar skýrslugjöf hennar fyrir dómi þess nokkur merki að upprifjun hennar á atvikum væri henni á köflum þungbær. Ekki eru efni til að draga sérstakar ályktanir af því þótt brotapolí hafi borið um að atvik í bifreiðinni hefðu varað í klukkustund þótt annað í málinu bendi til þess að þau hafi varað talsvert skemur, sbr. framburð hennar um að hún hefði verið búin í tíma um klukkan 15:00 og það borið saman við upphafstíma á upptöku eftirlitsmyndavélar klukkan 15:34. Bendir því allt til þess að meint atvik hafi varað talsvert skemur en hún hefur borið um. Alþekkt er í málum af þessum toga að tímaskyn getur brenglast hjá fólki í erfiðum aðstæðum eins og hér um ræðir og þá bar brotapolí um að tímaskyn hennar væri almennt lélegt. Að öllu framangreindu virtu er það því mat dómsins að brotapolí hafi að öllu leyti verið mjög trúverðug í framburði sínum fyrir dómi. Framburður hennar hefur því mikið gildi fyrir úrlausn málsins.

Framburður brotapola fær nokkra stoð í framburði vitnisins B sem bar meðal annars um að brotapolí hefði virst vera lítil í sér þegar hún hringdi í hana umræddan dag. Þar er um að ræða símtalið sem brotapolí bar um að hefði átt sér stað inni á fyrrgreindri snyrtingu þegar hún var að þvo sér. Einnig bar B um að brotapolí hefði verið miður sín þegar hún kom til hennar síðar um daginn og er ljóst af framburði hennar að sú vanlíðan tengdist frásögn brotapola af meintum undangengnum atvikum varðandi ákærða. Fær það einnig samrýmst framburði lögreglumanns nr. F sem bar um það að brotapola hefði greinilega verið brugðið þegar hún leitaði til lögreglu. Þá fær framburður brotapola einnig stoð í framburði vitnanna C og D, starfsmanna skólans, sem báru bæði um sérkennileg samskipti og framkomu ákærða inni í skólanum, eins og hann kæmi ekki hreint fram í þeim efnum. Hið sama á við um framburð þeirra um fyrstu frásögn brotapola af meintum atvikum rétt eftir að þau urðu, sem og um líðan og/eða framkomu brotapola, þegar betri mynd fékkst á það sem hafði gerst, stuttu síðar, eftir að ákærði var farinn.

Þá ber einnig, eins og hér stendur á, og með vísan til 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008, að líta til upptöku af hljóðritaðri skýrslu vitnisins E heitinnar hjá lögreglu. Á upptökunni kemur meðal annars fram að henni hefði strax orðið ljóst að eitthvað væri að hjá brotaþola þegar hún kom inn í skólann í umrætt skipti. Brotaþoli hefði haft á orði að hún væri skítug og vildi þvo sér. Að mati dómsins bendir þetta mjög til þess að brotaþoli hafi verið í uppnámi og upplifað sig óhreina eftir samskipti sín við ákærða en í því samhengi skal haft í huga að brotaþoli bar meðal annars um að henni hefði fundist hún vera öll klístruð á hálsinum eftir að ákærði hefði sleikt hana.

Þessu til viðbótar ber að líta til þess að fyrrgreind myndupptaka úr eftirlitsmyndavéla-kerfi umrædds skóla sýnir greinilega að brotaþoli ýtti eða bægði ákærða frá sér þegar hann virðist hafa ætlað að snerta á henni rassinn með hendinni. Styður upptakan því framburð brotaþola um þau atvik að ákærði hafi haldið áfram að leita á hana kynferðislega, á meðan þau töluðu saman fyrir utan skólann, þar með talið með snertingum, og að hún hafi ekki kært sig um það.

Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir verða að leggja trúverðugan framburð brotaþola til grundvallar niðurstöðu, gegn neitun ákærða. Er þannig sannað að ákærði hafi teygt sig inn um glugga bifreiðarinnar og strokið henni utanklæða eftir upphandlegg hennar og læri og jafnframt að hann hafi inn í bifreiðinni strokið henni utanklæða á höndum, baki, læri og mjöðmum og kysst hana á hendur. Í framburði brotaþola fyrir dómi kom fram að ákærði hefði sleikt á henni hálsinn en ekki að hann hefði kysst hana á þann stað. Þessu verður ekki jafnað saman svo halli á ákærða við sakfellingu, sbr. 108. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Er því ósannað það atriði í verknaðarlýsingu að hann hafi kysst hana á hálsinn. Þá bar brotaþoli ekki um það fyrir dómi að ákærði hefði snert á henni öxlina á meðan hann stóð fyrir utan bifreiðina og er það atriði í verknaðarlýsingu því einnig ósannað. Þessu til viðbótar ber að líta til þess að brotaþoli bar um það fyrir dómi að ákærði hefði reynt að taka utan um hana inni í bifreiðinni en ekki að hann hefði tekið utan um hana, eins og greinir í ákæru. Eina eiginlega faðmlagið, samkvæmt hennar framburði, hefði verið fyrir utan skólann þegar hún var þar í samskiptum við ákærða. Hefur ekki þýðingu í þessu sambandi þótt ákærði hafi sjálfur borið um að hafa faðmað brotaþola í bifreiðinni. Framburður hans er að mati dómsins allur ótrúverðugur, eins og áður greinir, og er beinlínis varhugavert að byggja á honum við úrlausn málsins. Er því einnig ósannað að ákærði hafi tekið utan um brotaþola í bifreiðinni, eins og greinir í ákæru.

Ljóst er af framburði brotaþola að framangreindar snertingar ákærða, sem dómurinn telur sannaðar, auk tals af kynferðislegum toga sem ákærði beindi á sama tíma að brotaþola,

sýna, svo ekki verður um villst, að ásetningur hans var af kynferðislegum toga með áreitni í garð brotaþola. Saknæmisskilyrði samkvæmt 18. gr. almennra hegningarlaga eru því uppfyllt en ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða. Verður því ekki fallist á sýknukröfu hans á þeim grundvelli.

Ákærði byggir varnir sínar einnig á því að vafi leiki á því að hann hafi hlutrænt séð sýnt af sér kynferðislega áreitni í merkingu 199. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt fyrrgreindu refsíákvæði felst kynferðisleg áreitni meðal annars í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan. Refsíákvæðið er ekki tæmandi samkvæmt orðanna hljóðan og felur í sér vísireglu sem háð er mati dómstóla hverju sinni. Við túlkun á ákvæðinu ber að líta til langrar dómaframkvæmdar þar sem reynt hefur á hugtakið, þar með talið í tengslum við kynferðisbrot gegn börnum, sbr. 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber við túlkun einnig að taka mið af greinargerð með frumvarpi sem varð að breytingalögum nr. 61/2007, sbr. eldri breytingalög nr. 40/1992. Er almennt gengið út frá því að undir hugtakið falli ýmiss konar káf, þukl og önnur líkamleg snerting af kynferðislegum toga, í óþökk þess sem fyrir því verður, og veitir geranda ekki kynferðislega fullnægingu. Er um að ræða háttsemi kynferðislegs eðlis, sem hvorki telst til samræðis né annarra kynferðismaka, og felst í hvers konar snertingu á líkama annarrar manneskju, andstætt góðum siðum og samskiptaháttum. Samkvæmt greinargerð með breytingalögum nr. 61/2007 er meðal annars gert ráð fyrir að þukl og káf annars staðar en á kynfærum og brjóstum geti fallið undir téð hugtak, auk þess sem þar greinir að ætlun löggjafans með lögunum frá árinu 2007 hafi meðal annars verið að rýmka neðri mörk hugtaksins frá því sem var í tíð eldri laga. Að öllu framan greindu virtu er ljóst að sú háttsemi sem dómurinn hefur lagt til grundvallar að teljist vera sönnuð, og bersýnilega var viðhöfð af hálfu ákærða í kynferðislegum tilgangi, og var í eðli sínu kynferðisleg þegar hún er virt heildstætt, fellur innan hugtaksins. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða og verður því ekki fallist á sýknukröfu hans á framangreindum grundvelli.

Að öllu framangreindu virtu verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn 199. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess að um var að ræða fremur ruddalegt brot sem beindist gegn sjálfsákvörðunarrétti og athafnafrelsi ungrar konu í erfiðum aðstæðum þar sem hún mátti sín lítils. Þá verður ráðið af málsatvikum að ákærði hafi sýnt af sér mikið skeytingarleysi gagnvart viljaafstöðu brotaþola og hún kunni í raun að hafa verið lánsöm að ekki fór verr. Ákærði hafi í raun haldið áfram að áreita brotaþola þegar hún var komin út úr bifreiðinni eða viljað ná henni þar inni aftur. Bendir því allt til þess að ásetningsstig

hans hafi verið hátt. Einnig ber að líta til þess að brot af þessum toga er til þess fallið að valda andlegu tjóni. Horfir allt framangreint til refsipýngingar, sbr. 1., 2. og 6. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Sakaferill ákærða hefur ekki sérstök áhrif á refsingu en fyrir liggur að hann gekkst undir sektargerð hjá lögreglustjóra þann 13. nóvember 2020 vegna minni háttar auðgunarbrot. Um refsiaðkvörðun í máli þessu fer því eftir reglum um hegningarauka, sbr. 78. gr. fyrrgreindra laga. Ákærði á sér ekki sérstakar málsbætur. Þegar litið er til þess að mál þetta sætti áður málsmeðferð hjá ákæruvaldinu samkvæmt 2. mgr. 147. gr. laga nr. 88/2008 verður ekki fallist á með ákærða að slíkur dráttur hafi orðið á meðferð málsins að það hafi sérstaka þýðingu við refsiaðkvörðun. Að öllu framangreindu virtu, og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 778/2015, sem og dómum Landsréttar nr. 744/2018 og 197/2019, verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Að teknu tilliti til óverulegs sakaferils ákærða þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Það leiðir af sakfellingu ákærða að hann verður jafnframt dæmdur til að greiða brotþola miskabætur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. síðari breytingar. Eins og mál þetta er vaxið er tjón brotþola til þess fallið að vera mikið en ljóst er af skýrslugjöf hennar fyrir dómi að atvik hafa verið henni þungbær. Að þessu virtu og að teknu tilliti til fyrrgreindra sjónarmiða samkvæmt 70. gr. almennra hegningarlaga varðandi refsiaðkvörðun, að breyttu breytanda, þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 400.000 krónur, með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta miðast við 3. janúar 2021 en þá var liðinn mánuður frá því að ákærða var sannanlega kynnt bótakrafan við þingfestingu málsins.

Með hliðsjón af úrslitum málsins verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað vegna meðferðar þess á rannsóknarstigi og fyrir dómi, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, vegna vinnu fyrir dómi, sem ráðast af tímaskýrslu, 751.285 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun til skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast af tímaskýrslu, 730.360 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Að auki verður ákærða gert að greiða 150.916 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Anna Barbara Andradóttir, settur saksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 1. janúar 2021 en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Dumitru-Aurel Ivan, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði A 400.000 krónur í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 9. maí 2019 til 3. janúar 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins til ríkissjóðs, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 751.285 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 730.360 krónur, og 150.916 krónur í annan sakarkostnað.

Daði Kristjánsson